

STÍGAMÓT

Vesturgötu 3, Reykjavík
símar 562 68 68 og 800 68 68
Fax 562 68 57

Ritstjórn:

tölfræði: **Díana Sigurðardóttir**, texti: **Rúna Jónsdóttir**
forsíða: auglýsingar Stígamóta, Kvennaathvarfs og Kvennaráðgjafar
Tölfræðileg úrvinnsla: **Stígamótakonur**
Umbrot og hönnun: **Díana Sigurðardóttir**
© Stígamót 2001

Netfang: stigamot@stigamot.is

Vefsíða: www.stigamot.is

Ársskýrsla Stígamóta árið 2000

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna.

Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvænnaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvinnaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum. Hóparnir kynntu starfssemi sína á fjölmennum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og byggja í starfi á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990. Í ár höldum við því upp á ellefu ára starfsafmæli.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kvennapólitískra (feminískra) kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á kvennapólitískum kenningum um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þolenda og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru samkvæmt okkar tölum í 98% tilfella karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á á hættu að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita kynferðisofbeldi noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að litillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem ofbeldið beinist að. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þolendum þess. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Skipulag Stígamóta

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir allir markast af því. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Við ráðningu starfskvenna er meðal annars tekið mið af því hvort þær hafi sjálfar verið beittar kynferðisofbeldi. Menntun ein og sér tryggir ekki góðan skilning á vanda þolenda kynferðisofbeldis. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra, sem hingað leita.

Sérstakur framkvæmdahópur, skipaður fulltrúum frá Kvinnaráðgjöf, Kvænnaathvarfi og fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúa starfskvenna, tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum, hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Sólveig Höskuldsdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Margrét Steinarsdóttir og Rúna Jónsdóttir.

Þórunn Þórarinsdóttir sat fyrri hluta árs og við hennar starfi tók Dána Sigurðardóttir. Margrét Kr. Magnúsdóttir var leyst af af Kolbrúnu Ernu Pétursdóttur. Virkar varakonur voru þær Nína Helgadóttir og Helga Heiða Helgadóttir. Tekjur Stígamóta eru greiðslur frá félagsmálaráðuneyti og rekstrarstyrkir frá Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Samkvæmt ársuppgjöri ársins 2000 var rekstrarkostnaður Stígamóta um tuttugu og fjórar milljónir króna.

Á árinu voru sex starfskonur í föstu starfi hjá Stígamótum. Fastir starfsmenn eru Bergún Sigurðardóttir, Björg Gísladóttir, Dána Sigurðardóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Rúna Jónsdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir. Stöðugildum var fjölgað úr 5 í 5.25%. Allt starf leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum var unnið utan fasts vinnutíma. Skrifstofa Stígamóta var opin milli kl. 9.00 og 19.00 alla virka daga eins og undanfarin ár.



Ársskýrsla Stígamóta 1999 kynnt. Dána, Rúna, Þórunn, Bergún og Björg, Dóru vantar á myndina

Starfsemi Stígamóta

Ríkjandi gildi í starfsháttum.

Kvennapólítískar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þolendum þess, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða í hópum.

Feministísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir eru kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð þolenda við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Vinnan á Stígamótum felst því í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi, en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að þeir sem hingað leita séu "sérfræðingarnir" það er að segja enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því ofbeldi hefur verið beittur. Við leitumst því við í starfi okkar að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfsvenna og þeirra sem aðstoðar leita.

Þessar hugmyndir leitumst við við að endurspegla í öllu starfi hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

Einstaklingsmiðuð ráðgjöf.

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja það í orð, eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins á sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu þolenda. Þolendur ráða sjálfir ferðinni, hve mikinn stuðning þeir vilja og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfshjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl. Aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf.

Stuðningur og ráðgjöf starfsvenna Stígamóta er ekki eingöngu bundinn við þolendur kynferðisofbeldis. Aðstandendur þolenda, svo sem foreldrar, makar og vinir geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess.

Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram í gegnum síma. Að jafnaði eru mörg stuðningsviðtöl á dag alla virka daga ársins. Um það bil 2/3 hluti þeirra eru ráðgjafarsímtöl vegna nýrra og eldri mála. Það er einkum fólk á landsbyggðinni sem notfærir sér þessa leið, bæði þolendur, aðstandendur þeirra og fólk í barnaverndarnefndum svo og kennarar og leikskólakennarar, sem hafa grun um að barn í þeirra umsjá kunní að hafa verið beitt kynferðisofbeldi.

Sjálfshjálparhópar.

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum. Reynslan af sjálfshjálparstarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma konur saman til þess að sækja sér styrk til að takast á við vandamálin, sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi sem þessu er einangrun rofin, þar veita þátttakendur hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir þar í samskiptum þátttakenda.

Í hverjum sjálfshjálparhópi eru að jafnaði 4-6 konur og tveir leiðbeinendur. Leiðbeinendur eru konur, sem sjálfar hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hafa unnið úr þeirri sáru reynslu. Hóparnir eru lokaðir og hittast í 15 skipti með leiðbeinendum á þriggja mánaða tímabili. Árið 2000 störfuðu 11 sjálfshjálparhópar á Stígamótum. Það voru 5 sífjaspellahópar, 2 nauðgunarhópar, 1 unglíngahópur og 3 reiðihópar. Að vanda var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur í sjálfshjálparhópum síðastliðið haust. Að þessu sinni eyddu konur saman einni helgi í Breiðabliksskólanum í Bláfjöllum.



Hluti af þátttakendum á leiðbeinendanámskeiði Stígamóta í Bláfjöllum í haust.

Börn og unglíngar.

Með tilkomu Barnahússins skapaðist vettvangur þar sem safnað var á einn stað þverfaglegri þjónustu við börn sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi. Markmiðið var að vanda eins og kostur er rannsókn og meðferð kynferðisbrotamála og að tryggja að börn þyrftu ekki að þeytast á milli aðila og staða og margsegja sögu sína. Til Barnahússins geta barnaverndarnefndir leitað hvaðanæva af landinu. Með tilkomu nýrra laga 1. maí árið 1999 urðu þær breytingar á, að dómurum var ætlað að koma að kynferðisbrotamálum á rannsóknarstigi og þykir það auka sönnunargildi yfirheyrslna. Dómurum var um leið gert að ákveða sjálfir hvar yfirheyrslurnar færu fram og hvort þeir nýttu sér aðstoð fagfólks. Komið var upp viðtalsherbergjum í Héraðsdómi Reykjavíkur og á Norðurlandi eystra og slík aðstaða er í hönnun hjá Héraðsdómi Reykjaness.

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum sem grunur leikur á að hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig þau eigi að bregðast við, hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf, en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd eða lögreglu.

Eftir að mál hafa verið gerð opinber, eru börn og unglíngar boðin velkomin til Stígamóta. Díana Sigurðardóttir hefur staðið fyrir mjög árangursríku hópstarfi með unglingsstúlkum og hefur starf hennar verið metið af Barnaverndarstofu og hlotið lofsverða umsögn.

Símabjónusta og þjónusta við landsbyggðina

Því miður er ekki til tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símabjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Símtölin sl. ár námu þúsundum. Það má þó fullyrða að í símaviðtölum berast okkur upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þeirri vitneskju þykir okkur fylgja mikil ábyrgð.

Annars staðar er getið fræðsluáttaksins sem Stígamót stóðu að og fólst m.a. í ferðum í alla landsfjórðunga. Að auki voru Stígamót kynnt á Þjóðahátíðinni í Bolungavík. Stígamótakonur leituðu eftir samstarfi við Jafnréttisnefnd og Félagsmálaráð Akureyrar um opnun þjónustu þar í bæ. Vel var tekið í hugmyndir okkar, en afgreiðslu frestað til næsta fjárlagaárs.

Innra starf

Starfskonur Stígamóta fóru í Ölfusborgir eina helgi snemma árs, þar sem gerð var framkvæmdaáætlun um starf ársins, tíu ára afmælið skipulagt og verkum skipt. Að auki var Magnea B. Jónsdóttir fengin til þess að handleiða starfskonur í ýmsum hópeflisæfingum. Handleiðsla starfshóps var annars frá haustmánuðum í höndum Auðar Gunnarsdóttur sálfræðings.

Í ár eins og fyrri ár, var boðið uppá “opið hús” fyrir Stígamótakonur. Haldin voru erindi um ”Klám og skaðsemi þess”, ”Kynjaða hugsun í kynblindu þjóðfélagi” og um ”Tilfinningar í litum og formum”. Kvikmyndin Festen var sýnd og rædd og frá Svíþjóð leigðum við heimildarmyndina ”The Shocking Truth” sem fjallar um klámiðnaðinn. Þessi vettvangur hefur m.a. reynst góður fyrir konur sem kynnst hafa í hópstarfi til þess að viðhalda kynnum sínum.

Vetrarstarfið hófst með opnum fundi fyrir vinkonur og velunnara Stígamóta, svokölluðum ”Haustfundi”. Kynntar voru hugmyndir að innra starfi, fræðslu- og kynningarstarfi og pólitískri starfsemi. Markmiðið var að virkja grasrótina og fá til liðs við okkur áhugasamar konur.

Tíu ára afmæli Stígamóta

Þann 8. mars áttu Stígamót tíu ára afmæli og var þess minnst á viðeigandi hátt. Haldin var eldrauð afmælishátíð í Hlaðvarpanum undir yfirskriftinni ”Næstu skref”. Hlín Agnarsdóttir stjórnaði vandaðri dagskrá sem hún samdi sjálf og óf inni ljóð Stígamótakvenna. Leikararnir Margrét Ákadóttir, Kolbrún Erna Pétursdóttir, Steinunn Ólafsdóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Edda Vilborg Guðmundsdóttir og Sigurður Skúlason styrktu okkur með frábæru framlagi sínu og húsið fylltist af vinkonum okkar og vinum. Forseti Íslands heiðraði málstaðinn og Stígamót með nærveru sinni og það gerði borgarstjórnin í Reykjavík líka. Kveðjur og gjafir bárust frá vinkonum, stofnunum og félagasamtökum. Ársskýrslan var kynnt fjölmiðlum og fékk mikla og ítarlega umfjöllun.



Hlín og leikurunum fagnað að lokinni dagskrá



Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson var meðal gesta, en húsfyllir var í Hlaðvarpanum.

Útihátíðir.

Eins og á undanförunum árum gengust Stígamót fyrir sérstöku átaki gegn nauðgunum í tengslum við útihátíðir um verslunarmannahelgi. Handhægur fræðslubæklingur fyrir ungmenni um nauðgun, hvað væri hægt að gera til þess að reyna að forðast nauðgun og hvað ætti að gera væri einhverjum nauðgað er til hjá Stígamótum og var sendur til mótshaldara útihátíða þar sem þeirra var óskað. Í ár var hvergi óskað eftir samvinnu við Stígamót í tengslum við útihátíðir, en á nokkrum stöðum var komið upp teyrum heilbrigðisstarfsfólks og lögreglu.

Stígamótakonur tóku þó virkan þátt í fjölmiðlaumræðu um nauðganir á útihátíðum. Megin áhersla var lögð á að forvarnir verði að beinast að piltum en ekki stúlkum. Ábyrgð á því hvort nauðgun er framin eður ei, er alltaf karla. Nauðgun er alltaf framin gegn vilja þeirra kvenna sem fyrir henni verða og því

geta þær ekki borið ábyrgð á henni. Það er því orðið meira en tímabært að beina varnaðarorðum til pilta en ekki stúlkna.

“Gegn klámi og skaðsemi þess”

Dr. Diana Russell var boðin til Íslands af Stígamótum til þess að skerpa kláumræðuna sem við höfum opinberlega fyrir um veturinn. Hún hélt fyrirlestur í Iðnó undir yfirskriftinni “Gegn klámi og skaðsemi þess”. Í fyrirlestrinum fjallaði hún um orsakasamhengið á milli kláms og nauðgana. Dána Russell hefur unnið að kenningum um klám í þrjátíu ár. Auk bókarinnar *Gegn klámi* hefur hún skrifað tvær aðrar bækur um þetta efni; “Að gera ofbeldi kynþokkafullt: viðhorf feminista til kláms” og “Hættuleg sambönd: klám, kvenhatur og nauðgun”. Russell vakti mikla athygli í fjölmiðlum og komust færri að en vildu á fyrirlesturinn. Auk þess að funda með Stígamótakönnum, hitti hún að auki nemendur í kynjafræði úr Háskólanum og heimsótti ýmsa aðila sem málið varðar.




Dr. Diana Russell

Kynningarátak í tengslum við 25. nóvember

Í tengslum við 25. nóvember sem er alþjóðadagur gegn kynferðisofbeldi stóðu Stígamótakönur að miklu kynningarátaki. Átakið var unnið í samvinnu Stígamóta, Kvennaathvarfs og Kvennaráðgjafar. Leitað var eftir stuðningi hjá ráðherrum félagsmála, dómsmála og heilbrigðismála, hjá jafnréttisnefnd Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, hjá Rauða krossinum og hjá verkalyðshreyfingunni. Tókst að safna um tveimur milljónum króna til verksins. Byrjað var með stórfundi á Hótel Borg þann 23. nóvember undir yfirskriftinni: “Ertu að deyja úr ást?”. Fundinum stýrði Guðrún Ásmundsdóttir leikkona. Ávörp fluttu m.a. dómsmálaráðherra Sólveig Pétursdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri, Ögmundur Jónasson formaður BSRB og fl. Inn í dagskránnu var fléttað tónlist og ljóðum um ástina, en hana fluttu þau Garðar Cortes, Míriam Óskarsdóttir, Silja Aðalsteinsdóttir og fl.

Í kjölfarið fylgdi mikil fjölmiðlaumræða, blaðaauglýsingar, gerð voru þrjú veggspjöld og settar voru upp stórar auglýsingar í strætisvagnaskýlum og á fræðslutöflum. Þess má geta að auglýsingarnar voru tilnefndar til verðlauna sem besta veggspjaldið, besta blaðaauglýsingin og besta umhverfisgratíí ársins á vegum Sambands íslenskra auglýsingastofa. Búinn var til sameiginlegur kynningarbæklingur fyrir systursamtökin þrjú. Að lokum var farið í kynningarferð um landið. Haldnir voru fundir með lykilpersónum á Selfossi, Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum. Á hverjum stað var talað við alla svæðisfjölmiðla; blöð, útvarpsrásir og Aksjón á Akureyri. Þar að auki voru haldnir fundir í Háskólanum á Akureyri og með unglungum á Ísafirði.



Húsfyllir var þann 23. nóvember á Hótel Borg



Stígamót, Kvennaráðgjöf og Kvennaathvarf kynnt á Selfossi – Úr Dagskránni

Ýmis fræðsluverkefni

Frá upphafi hefur meginmarkmið Stígamóta verið tvíþætt. Annars vegar að veita stuðning og ráðgjöf þeim sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og hins vegar að vinna kvennapólitíska samfélagsvinnu.

Stígamót tóku virkan þátt í þeirri fjölmiðlaumræðu sem tengdist kynferðisofbeldi í sinni víðustu mynd. Sérstaklega má nefna umræðuna í kringum tíu ára afmælið, heimsókn dr. Russells og í tengslum við kynningarátakið sem Stígamót stóðu fyrir í samvinnu við Kvennaathvarf og Kvennaráðgjöf.

Tvisvar var fræðslufulltrúi kallaður fyrir þingnefndir til þess að gefa umsagnir um mál er vörðuðu kynferðisofbeldi. Háskólanemar bæði í mannfræði og sálfræði unnu stærri rannsóknarverkefni í samvinnu við Stígamót.

Beiðnir um námskeið og fræðslufundi um kynferðisofbeldi hafa borist víðs vegar að af landinu. Mörg félög hafa einnig falast eftir fræðsluerindum á fundum sínum og starfskonur hafa rætt um þessi mál við nemendur í efstu bekkjum nokkurra grunnskóla og í framhaldsskólum. Á árinu voru haldin mörg fræðsluerindi um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess í skólum og á vegum ýmissa félagasamtaka.

Talsverður fjöldi skólafólks úr efstu bekkjum grunnskóla, á framhalds- og á háskólastigi leitaði til Stígamóta vegna verkefna um kynferðisofbeldi, sem þau voru að vinna að. Má þar nefna auk grunn- og framhaldsskólanema, félagsráðgjafarnema, sálfræðinema, mannfræðinema, guðfræðinema, djáknanema, þroskaþjálfanema og konur úr íþróttakennaraskólanum. Að auki heimsóttu okkur íslenskar og erlendar fræðikonur og fagfólk. Starfsfólk fyrirtækisins "Rannsóknar og greiningar" sem vann að úttekt á umfangi vændis á Íslandi fyrir Dómsmálaráðuneytið var í miklu sambandi við Stígamót vegna upplýsingaöflunar.

Stígamótafréttir og vefsíðan

Á árinu voru gefin út tvö tölublöð af Stígamótafréttum. Fréttabréfinu er ætlað að greina ýtarlega frá starfseminni hverju sinni og að tryggja upplýsingaflæði á milli Stígamóta og umheimsins. Áskrift að Stígamótafréttum er ókeypis og öllum heimil. Á póstlista nú eru um 350 manns. Vefsíða Stígamóta hefur slóðina www.stigamot.is

Alþjóðastarf Stígamóta

Stígamót tóku virkan þátt í alþjóðlegu starfi árið 2000. Eins og áður er getið var dr. Diana E.H. Russell boðin til Íslands frá Bandaríkjunum. Hún hélt fyrirlestur í Iðnó og vakti mikla athygli í fjölmiðlum.

Við sendum líka fulltrúa til útlanda, bæði til þess að fræða um okkar starf og fræðast um annarra verk. Okkur var boðin þátttaka í rússneskri vísindaráðstefnu í Arkangelsk og tvisvar var okkur boðið að senda fulltrúa til Bretlands. Annars vegar til þess að taka þátt í Evrópuverkefni undir yfirskriftinni "Nauðgun – gleymda þemað" og hins vegar til þess að kynna viðbrögð Íslendinga við klámvæðingunni. Við sendum þrjár konur á norrænu Kvennaathvarfaráðstefnuna í Færeyjum í maí og á haustdögum fóru tvær starfskonur á fundi og í könnunarleiðangra til Skandinavíu. Markmið þeirrar ferðar var margþætt, haldinn var norrænn undirbúningsfundur vegna ráðstefnunnar sem Stígamót hafa tekið að sér að halda árið 2001 og fundir voru haldnir bæði í Noregi og í Svíþjóð með nýjum hópum sem bjóða á þátttöku í ráðstefnunni. Heimsóttir voru aðilar í Danmörku sem vinna gegn vændi og systursamtök Stígamóta voru sótt heim bæði í Kaupmannahöfn og í Stokkhólmi.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að kynna þær skilgreiningar á sífjaspellum og nauðgunum sem notaðar eru við tölfræðilega úrvinnslu í skýrslu þessari.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.

Á árinu 2000 leituðu 380 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 214 einstaklingar að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2000 miðast eingöngu við síðari hópinn, það er 214 einstaklinga.


Á þeim 11 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2000 hafa 3025 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að 4549 ofbeldismenn hafa beitt þessa þolendur kynferðisofbeldi.

Athygli vekur að ofbeldismennirnir eru 50% fleiri en þeir sem fyrir ofbeldinu verða. Hluti af skýringunni er að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi. Þannig koma sömu ofbeldismenn stundum við sögu oft en einu sinni. Einnig er það algengt að konur hafi verið beittar kynferðisofbeldi af fleiri en einum manni. Þessar tölur eru sláandi og eru verðugt rannsóknarefni.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2000 og hins vegar er þar að finna í nokkrum tilvikum samanburð á níu síðustu starfsárum, en þann tíma hefur farið fram samræmd skráning tölulegra upplýsinga.

Tafla 1a) Skipting þolenda eftir kyni

| | Fjöldi | Hlutf. |
|--------|------------|-------------|
| Konur | 205 | 95,79% |
| Karlar | 9 | 4,21% |
| | 214 | 100% |



Tafla 1a sýnir að Stígamót ná væntanlega betur til þeirra kvenna sem á hjálp þurfa að halda, en karla. Körlum hafði fjölgað frá 1992 til ársins 1996 þegar þeir voru 8.6% þolenda. Þeir eru í ár 4.2%.

Vandaðar erlendar rannsóknir á tíðni sífjaspella benda til að um 10-20% stúlkna hafi orðið fyrir sífjaspellum fyrir 18 ára aldur og að einn drengur á móti hverjum fjórum stúlkum verði fyrir sífjaspellum (Russell 1986). Samkvæmt þessum tölum ættu þeir því að vera um 25% þeirra sem til okkar leita.


Tafla 1b) Fjöldi viðtala árið 2000

| | | |
|----------------------------|----------------------|-------------------------------|
| Fjöldi einstaklinga 380 | Þar af ný mál 214 | Heildarfjöldi viðtala 1662 |
|----------------------------|----------------------|-------------------------------|

Fjöldi þeirra sem leitað hafa árlega til Stígamóta minnkaði allt frá árinu 1994 og fram til 1998. Það hefur þótt eðlilegt í ljósi þess að fram til þess að Stígamót urðu til, fundust fá úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þörfin fyrir þjónustu okkar var því væntanlega uppsöfnuð. Í fyrsta skipti í fyrra var um fjölgun að ræða úr 178 nýjum málum í 213 ný mál. Í ár eru ný mál 214 sem er u.þ.b. sami fjöldi. Heildarfjöldi einstaklinga jókst hins vegar úr 352 árið 1999 í 380 í ár. Heildarfjöldi viðtala minnkaði um 10% frá fyrra ári.

Tafla 1c) Fjöldi viðtala eftir mánuðum árið 2000

Fjöldi nýrra einstaklinga skiptist þannig eftir mánuðum:




Að meðaltali voru ný viðtöl 17 á mánuði. Engar einhlítar skýringar eru á því hvernig fjöldi skiptist á milli mánaða. Þó má geta þess að í mars var haldið uppá tíu ára afmæli Stígamóta og dr. Diana Russell heimsótti Stígamót. Í tengslum við þessa viðburði voru Stígamót mikið í fjölmiðlaumræðunni. Í nóvember var kynningarátak í gangi og skilaði ekki auknum fjölda viðtala. Það var metaðsókn í janúarmánuði í ár þegar 24 nýir einstaklingar leituðu til okkar, á því höfum við engar skýringar.

Tafla 2 a) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2000

| | Fjöldi | Hlutf. |
|----------------------------------|------------|-------------|
| Sifjaspell og afleiðingar þeirra | 146 | 62,4% |
| Nauðganir og afleiðingar þeirra | 74 | 31,6% |
| Grunur um sifjaspell | 8 | 3,4% |
| Grunur um nauðgun | 0 | 0,0% |
| Kynferðisleg áreitni | 5 | 2,1% |
| Klám | 1 | 0,4% |
| | 234 | 100% |


Þeir einstaklingar sem til okkar leita, koma gjarnan af fleiri en einni ástæðu. Þess vegna eru ástæðurnar fleiri en einstaklingarnir. Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber mörg einkenni þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum

eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum, en getur ekki munað hvað gerðist. Konur hafa bæði hringt og komið til Stígamóta vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu.




Athygli skal vakin á því að vændi er ekki nefnt í þessari upptalningu. Ástæðan er sú að engin kom hingað eingöngu vegna þess. Hins vegar koma það fram í viðtölum við nokkra einstaklinga – bæði konur og menn að þau hefðu einhvern tíma stundað vændi og þá í öllum tilfellum til þess að fjármagna fíkniefnaneyslu. Í símaviðtölum komu einnig fram upplýsingar um vændi.

Tafla 2 b) Samanburður milli ára



Tafla 3) Hverjir leituðu til Stígamóta í fyrsta viðtal árið 2000?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|-------------------|------------|-------------|
| Polandi | 198 | 92,5% |
| Foreldrar polanda | 7 | 3,3% |
| Móðir polanda | 4 | 1,9% |
| Faðir polanda | 1 | 0,5% |
| Systkini | 1 | 0,5% |
| Fagaðili | 2 | 0,9% |
| Annar | 1 | 0,5% |
| | 214 | 100% |



Tafla 4 a/b) Aldur polenda þegar ofbeldið var framið og aldur þegar aðstoðar var leitað árið 2000

Tafla 4a sýnir aldur polenda þegar leitað er til Stígamóta, en í töflu 4b kemur fram aldur þeirra þegar ofbeldið hófst. Flestir eru á aldrinum 16 ára til 49 ára eða 82,7 % þegar leitað er aðstoðar. Ofbeldið er hins vegar framið í 71% tilfella þegar viðkomandi voru innan við 16 ára aldur.

4a)


| | Fjöldi | Hlutf. |
|-----------------|------------|-------------|
| 0-4 ára | 1 | 0,5% |
| 5-10 ára | 1 | 0,5% |
| 11-15 ára | 19 | 8,9% |
| 16-18 ára | 27 | 12,6% |
| 19-29 ára | 88 | 41,1% |
| 30-39 ára | 33 | 15,4% |
| 40-49 ára | 29 | 13,6% |
| 50-59 ára | 15 | 7,0% |
| 60 ára og eldri | 1 | 0,5% |
| Óvíst | 0 | 0,0% |
| | 214 | 100% |

4b)

| | Fjöldi | Hlutf. |
|-----------------|------------|-------------|
| 0-4 ára | 11 | 5,1% |
| 5-10 ára | 106 | 49,5% |
| 11-15 ára | 35 | 16,4% |
| 16-18 ára | 25 | 11,7% |
| 19-29 ára | 28 | 13,1% |
| 30-39 ára | 4 | 1,9% |
| 40-49 ára | 1 | 0,5% |
| 50-59 ára | 0 | 0,0% |
| 60 ára og eldri | 0 | 0,0% |
| Óvíst | 4 | 1,9% |
| | 214 | 100% |

Tafla 4 c) Súlurit, samanburður á aldri polenda þegar leitað er aðstoðar og aldri polenda þegar ofbeldið er framið


Súlurit 4c sýnir annars vegar aldur polenda þegar leitað er til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast við árið 2000. Tekið skal fram að 48 polendur eru yngri en 18 ára. Í þeim tilfellum hafa annað hvort aðstandendur leitað til Stígamóta, eða mál unglínganna eru þekkt af barnaverndaryfirvöldum.



Samanburðurinn leiðir einnig í ljós að þrátt fyrir tilvist Stígamóta í ellefu ár er fólk enn að leita sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis sem átti sér stað fyrir 10-30 árum. Þessi staðreynd sýnir vel hversu mörgum reynist erfitt að leita aðstoðar vegna þessara mála og gera það ógjarnan fyrir en afleiðingar ofbeldisins eru orðnar afar þungbærar.


Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður þolenda

Tafla 5) Uppeldisaðstæður þolenda



Flestir þolendur, sem leituðu til Stígamóta árið 2000 eða 82,7 % ólust upp hjá kynforeldrum.

Tafla 6) Hjúskaparstaða þolenda




Tafla 7) Fjöldi barna þolenda


| | Fjöldi | Hlutf. |
|-------------|------------|-------------|
| Barnlaus | 119 | 55,6% |
| Eitt barn | 25 | 11,7% |
| Tvö börn | 39 | 18,2% |
| Þrjú börn | 21 | 9,8% |
| Fjögur börn | 6 | 2,8% |
| Fimm börn | 2 | 0,9% |
| Óvíst | 2 | 0,9% |
| | 214 | 100% |

Töflur 6 og 7 sýna hjúskaparstöðu þolenda þegar leitað er aðstoðar og fjölda barna þeirra. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur þolenda eru barnlausir. Í því sambandi verður að hafa í huga að 46 þeirra sem leita aðstoðar eru 18 ára og yngri (sbr. töflu 4a)

Tafla 8 a) Menntun þolenda



Tafla 8 b) Atvinna þolenda




Töflurnar og súluritinn hér að ofan bera með sér að bæði starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þolenda er margbreytilegur. Tölur ársins 2000 sýna að 26.7% eru við nám og 31.3% hafa hætt skólagöngu eftir skyldunám, um helmingur fer í framhaldsnám og 4 þolendur luku ekki skyldunámi.

Árið 1992 voru 5% þolenda atvinnulausir, 1993 voru þeir 9% en árið 1994 er hlutfallið 7,8%, árið 1995 er hlutfallið hið sama eða 7,8%. Árið 1996 er hlutfall atvinnulausra 8,2% og árið 1997 eru 3% þeirra er leita til Stígamóta atvinnulausir. Árið 1998 eru þeir 5,6% og árið 1999 5%. Árið 2000 voru atvinnulausir 6.5%


Eins og töflurnar sýna koma þolendur kynferðisofbeldis úr öllum starfsstéttum og menntun þeirra er mismunandi.

Tafla 9) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í töflunni taka aðeins til þess staðar sem þolendur urðu fyrst fyrir ofbeldi. Á undanförunum árum hefur ofbeldið átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu í 36,4-54,5% tilvika. Árið 2000 búa 64,4 % þolenda á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir verða fyrst fyrir kynferðislegu ofbeldi. Það sem í töflunni er flokkað úti á landi er bæði þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Kynferðislegt ofbeldi er sem sagt hvorki bundið við þéttbýli né dreifbýli, það á sér ekki landfræðileg mörk.

Tafla 10 a) Búseta þolenda þegar leitað er til Stígamóta árið 2000



Tafla 10 b) Búseta; samanburður milli ára


| | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | |
|---------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|-------|
| Reykjavík | 54,4% | 66,0% | 58,4% | 62,9% | 62,0% | 60,3% | 67,3% | 59,6% | 106 | 49,5% |
| Kópavogur | 9,9% | 3,2% | 3,2% | 7,8% | 4,7% | 7,0% | 3,4% | 5,6% | 21 | 9,8% |
| Hafnarfjörður | 8,4% | 6,8% | 8,7% | 5,3% | 5,1% | 4,7% | 6,7% | 7,5% | 20 | 9,3% |
| Seltjarnarnes | 0,4% | 0,3% | 0,9% | 1,1% | 0,0% | 0,0% | 0,6% | 3,8% | 5 | 2,8% |
| Garðabæ | 2,0% | 1,9% | 2,0% | 0,0% | 0,8% | 1,9% | 0,6% | 1,9% | 6 | 3,7% |
| Mosfellsbær | 0,7% | 2,9% | 1,7% | 2,1% | 0,8% | 1,4% | 0,0% | 3,3% | 8 | 2,3% |
| Úti á landi | 23,1% | 17,8% | 25,1% | 18,7% | 25,4% | 22,8% | 18,0% | 17,4% | 46 | 21,5% |
| Erlendis | 1,1% | 1,1% | 0,0% | 2,1% | 1,2% | 1,9% | 3,4% | 0,9% | 2 | 0,9% |
| Fjöldi | 454 | 309 | 346 | 283 | 256 | 215 | 178 | 213 | 214 | |

Súlurit 10a sýnir búsetu þolenda þegar þeir leita til Stígamóta árið 2000. Við höfum orðið áþreifanlega varar við það í starfinu hversu miklum erfiðleikum það er bundið fyrir fólk sem býr úti á landi að leita sér aðstoðar vegna afleiðinga kynferðisofbeldis, sem það hefur verið beitt. Þrátt fyrir það búa 21.5% þeirra sem leita aðstoðar utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Ótrúlega margir láta fjarlægðina frá höfuðborginni ekki aftra sér frá því að leita sér aðstoðar. Íbúar landsbyggðarinnar notast einnig við símann til þess að leita sér stuðnings á Stígamótum. Á árinu hófst undirbúningur að opnun útibúss á Akureyri. Í töflu 10b er gerð grein fyrir búsetu þolenda árin 1992 til 2000.

Um ofbeldisverkin

Tafla 11) Líkamlegt ofbeldi í bernsku


| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 26 | 12,1% |
| Nei | 181 | 84,6% |
| Ekki vitað | 7 | 3,3% |
| | 214 | 100% |



Eins og sjá má á í töflu 11, höfðu 26 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2000 eða 12.1% búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Hlutfall þeirra, sem beittir voru líkamlegu ofbeldi í bernsku er svipað frá ári til árs.

Tafla 12) Líkamlegt ofbeldi í hjúskap/sambúð

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 23 | 14,1% |
| Nei | 135 | 82,8% |
| Ekki vitað | 5 | 3,1% |
| | 163 | 100% |




Í töflu 12 kemur fram að 14.1% þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2000 höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Athugið að heildarfjöldi í töflunni er 163, en það er sá fjöldi kvenna sem hefur verið í sambúð eða hjúskap.

Frá árinu 1992 sýna tölur okkar að á milli 11,2% og 21,4% kvennanna sem leitað hafa til Stígamóta höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í hjúskap eða sambúð. Hugsanlegt er að þessar tölur, bæði hvað varðar ofbeldi í bernsku og í hjúskap/sambúð, séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna/kvenna, sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild.

Tafla 13) Hve lengi stóðu sífjaspellin?

| | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | Fjöldi | 2000 |
|------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|--------|-------|
| Eitt skipti | 14,3% | 21,4% | 13,1% | 19,5% | 16,4% | 12,4% | 13,2% | 2,7% | 12 | 8,2% |
| 0-3 mánuði | 11,3% | 8,7% | 11,8% | 7,3% | 8,2% | 3,9% | 5,1% | 10,1% | 13 | 8,9% |
| 4-6 mánuði | 4,7% | 6,8% | 3,7% | 2,9% | 8,7% | 5,6% | 2,9% | 2,7% | 5 | 3,4% |
| 7-11 mánuði | 7,6% | 5,3% | 4,1% | 3,4% | 3,7% | 7,9% | 3,7% | 4,7% | 4 | 2,7% |
| Eitt ár | 6,1% | 5,8% | 6,5% | 6,8% | 5,0% | 5,6% | 8,8% | 12,8% | 18 | 12,3% |
| Tvö ár | 8,5% | 10,2% | 12,2% | 13,2% | 15,0% | 8,4% | 16,2% | 18,1% | 24 | 16,4% |
| Þrjú ár | 8,7% | 7,8% | 9,4% | 11,2% | 15,1% | 15,2% | 10,3% | 12,8% | 15 | 10,3% |
| Fjögur ár | 9,9% | 10,2% | 11,4% | 9,3% | 9,6% | 7,3% | 10,3% | 11,4% | 17 | 11,6% |
| Fimm ár | 7,0% | 6,3% | 5,3% | 8,8% | 9,5% | 10,7% | 11,0% | 6,7% | 15 | 10,3% |
| Sex ár | 5,0% | 4,9% | 4,1% | 4,9% | 1,8% | 5,1% | 5,9% | 4,7% | 6 | 4,1% |
| Sjö ár | 3,2% | 3,9% | 5,3% | 1,5% | 0,9% | 2,8% | 1,5% | 1,3% | 1 | 0,7% |
| Átta ár | 5,0% | 2,4% | 5,7% | 4,9% | 1,4% | 2,8% | 1,5% | 2,0% | 3 | 2,1% |
| Níu ár | 3,5% | 1,9% | 1,2% | 1,5% | 0,5% | 1,1% | 1,5% | 2,0% | 0 | 0,0% |
| Tíu ár | 0,8% | 1,5% | 3,3% | 2,4% | 3,7% | 1,1% | 1,5% | 2,0% | 3 | 2,1% |
| Lengur en tíu ár | 4,4% | 2,9% | 2,9% | 2,4% | 0,5% | 3,9% | 0,0% | 0,0% | 4 | 2,7% |
| Óvíst | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 6,2% | 6,6% | 6,0% | 6 | 4,1% |
| Hlutfall | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | | 100% |
| Fjöldi | 343 | 206 | 245 | 205 | 219 | 178 | 136 | 149 | 146 | |



Tölurnar um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir, ber að taka með varúð. Það reynist þolendum oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd, sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Algengast er að sífjaspellin standi í 1-5 ár.

Tafla 14) Hvar átti kynferðislega ofbeldið sér stað?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|---------------------------|------------|-------------|
| Á sameiginlegu heimili | 68 | 26,5% |
| Á heimili þolanda | 36 | 14,0% |
| Á heimili ofbeldismanns | 91 | 35,4% |
| Á vinnustað þolanda | 1 | 0,4% |
| Á vinnustað ofbeldismanns | 10 | 3,9% |
| Á víðavangi/leikvelli | 16 | 6,2% |
| Í sumardvöl | 5 | 1,9% |
| Á útihátíð | 9 | 3,5% |
| Á skemmtistað | 5 | 1,9% |
| Annars staðar | 15 | 5,8% |
| Óvíst | 1 | 0,4% |
| | 257 | 100% |


Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á sameiginlegu heimili þolanda og ofbeldismanns; á heimili þolandans eða heimili ofbeldismanns, samtals í um 75.9% tilfella.

Í töflunni sem merkt er “annars staðar” eru um að ræða staði eins og bifreiðar, í tjaldi, í samkvæmi í heimahúsum eða í öðru húsnæði, sem ekki fellur undir hina staðina. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

Tafla 15a) Sagði þolandi frá ofbeldinu?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 49 | 22,9% |
| Nei | 164 | 76,6% |
| Ekki vitað | 1 | 0,5% |
| | 214 | 100% |


| | Fjöldi | Hlutf. |
|-----------------------|-----------|-------------|
| Móður | 23 | 29,9% |
| Faðir | 10 | 13,0% |
| Maka | 1 | 1,3% |
| Systkini | 3 | 3,9% |
| Börnunum sínum | 0 | 0,0% |
| Öðrum í fjölskyldunni | 3 | 3,9% |
| Vini/vinkonu | 16 | 20,8% |
| Fagaðila | 11 | 14,3% |
| Öðrum utan fjölskyldu | 6 | 7,8% |
| Öðrum | 4 | 5,2% |
| | 77 | 100% |



Tafla 15a sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu meðan það átti sér stað eða strax eftir að því lauk. Árið 2000 er það tæplega 1/4 hluti, sem það hefur gert. Taflan sýnir einnig hverjum þolandi sagði þá frá, en í um 30% tilvika var það móðir þolanda. Súluritið sýnir samanburð milli ára.


Tafla 15b) Var viðkomandi trúað?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|-----------|-------------|
| Ekki trúað | 6 | 12,2% |
| Trúað | 43 | 87,8% |
| | 49 | 100% |



Tafla 15b sýnir að af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2000 og sögðu frá ofbeldinu var 43 eða 87.8% þeirra trúað og eitthvað gert í málinu.

Tafla 16) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis




Hér er reynt að gefa til kynna tölulega þær afleiðingar kynferðisofbeldis, sem þolendur nefna oftast. Í töflunni og súluritinu er getið um "svipmyndir", um er að ræða að myndir tengdar kynferðisofbeldinu skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum í huga þolenda og valda miklu hugarangri. Sektarkennd, skömm, léleg sjálfsmýnd, depurð og erfiðleikar í nánum tengslum og í kynlífi eru algengustu og erfiðustu

afleiðingar kynferðisofbeldis. Undir liðnum sjálfssköðun flokkast til dæmis átröskun, en einnig er þekkt að konur skeri sig t.d. á handleggjum.

Á undanförunum árum hefur vaxandi fjöldi þeirra kvenna sem leita aðstoðar Stígamóta vegna kynferðisofbeldis í bernsku sagt frá að þær hafi stundað vændi tímabundið á unglings- og fullorðinsaldri. Þetta á einnig við um karla. Í öllum tilvikum hefur vændið verið tengt áfengis- og eiturlyfjaneyslu og verið leið til að fjármagna neysluna. Við höfum ekki skráð nákvæmlega fjölda þessara einstaklinga en lausleg áætlun bendir til að fjöldi þeirra sé milli 25 og 40 á árunum 1995 - 2000.

Tafla 17 a) Sjálfsvígstílaunir þolenda

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 34 | 15,9% |
| Nei | 177 | 82,7% |
| Ekki vitað | 3 | 1,4% |
| | 214 | 100% |




Tafla 17 b) Samanburður milli ára

| | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 |
|--------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Já | 16,0% | 14,2% | 16,5% | 19,1% | 14,5% | 13,0% | 15,2% | 14,6% | 15,9% |
| Nei | 84,0% | 85,8% | 83,5% | 80,9% | 85,5% | 87,0% | 84,8% | 82,4% | 82,7% |
| Fjöldi | 456 | 309 | 346 | 283 | 256 | 215 | 178 | 213 | 214 |

Af þeim þolendum sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2000, höfðu 34 eða 15,9% gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga. Í töflu 17b er fjöldi og hlutfall þeirra, sem reynt hafa sjálfsvíg borin saman eftir árum.


Tafla 17 c) Sjálfsvígshugsanir þolenda

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 129 | 60,3% |
| Nei | 74 | 34,6% |
| Ekki vitað | 11 | 5,1% |
| | 214 | 100% |




Um 60,3% þeirra sem til Stígamóta leituðu lýstu sjálfsmorðshugleiðingum. Það er til marks um alvarleika afleiðinga kynferðisofbeldis að þeir sem fyrir því verða, kjósi jafnvel dauðann framyfir líðan sína.

Tafla 18) Hvar hafa þolendur leitað aðstoðar þegar þeir koma til Stígamóta?



Hér er samtalan meira en 100% því sumir hafa víða leitað aðstoðar.

Tafla 19 a) Tengsl þolenda við ofbeldismenn



Í töflu 19a kemur fram að 237 ofbeldismenn höfðu beitt þá 214 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2000, kynferðisofbeldi. Af töflunni má því ljóst vera að hluti þolenda hefur verið beittur ofbeldi af fleirum en einum ofbeldismanni. Súluritið sýnir tengslin milli þolenda og ofbeldismanna. Vakin skal athygli á því að aðeins 8.9% ofbeldismannanna sem þolendur nefna árið 2000 eru þeim ókunnugir. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

Tafla 19 b) Samanburður milli ára frá árinu 1992

| Sifjaspell | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | |
|-----------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|-------|
| Faðir | 18,2% | 11,3% | 11,5% | 15,2% | 8,7% | 18,5% | 19,4% | 14,1% | 19 | 13,0% |
| Móðir | 0,2% | 0,0% | 0,5% | 0,8% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,3% | 1 | 0,7% |
| Stjúpfaðir | 9,5% | 6,9% | 8,8% | 7,2% | 6,8% | 9,6% | 6,5% | 3,8% | 11 | 7,5% |
| Stjúpmóðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,9% | 0,0% | 0,7% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Afi | 8,5% | 8,2% | 7,7% | 8,4% | 7,3% | 9,6% | 9,4% | 8,3% | 20 | 13,7% |
| Amma | 0,2% | 0,0% | 0,3% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Bróðir | 10,6% | 14,8% | 9,6% | 13,9% | 14,6% | 11,2% | 12,9% | 15,4% | 16 | 11,0% |
| Systir | 0,2% | 0,7% | 0,5% | 0,4% | 0,0% | 1,1% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Frændi/frænka | 26,4% | 29,3% | 24,5% | 22,8% | 19,2% | 14,0% | 25,9% | 16,0% | 18 | 12,3% |
| Vinur/kunningi | 26,2% | 28,5% | 36,5% | 14,3% | 16,9% | 3,9% | 10,8% | 11,5% | 11 | 7,5% |
| Maki | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Umsjáraðili utan fjölskyldu | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 7,7% | 13 | 8,9% |
| Ókunnugur | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,9% | 3 | 2,1% |
| Giftur inn í fjölskylduna | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 6,3% | 5,5% | 5,6% | 5,8% | 8,3% | 12 | 8,2% |
| Fjölskylduvinur | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 8,9% | 17,4% | 16,9% | 6,5% | 10,9% | 20 | 13,7% |
| Vinnuveitandi | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Samstarfsmaður | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Annað | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,7% | 2,7% | 6,7% | 2,2% | 0,6% | 2 | 1,4% |
| Fjöldi | 473 | 231 | 364 | 237 | 219 | 178 | 139 | 156 | 146 | |

| Nauðgun | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | |
|-----------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-------|
| Faðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Móðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Stjúpfaðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Stjúpmóðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Afi | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Amma | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Bróðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Systir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Frændi/frænka | 4,0% | 0,0% | 0,0% | 1,9% | 0,0% | 1,0% | 0,0% | 0,0% | 1 | 1,2% |
| Vinur/kunningi | 51,1% | 41,7% | 46,8% | 52,2% | 72,2% | 47,4% | 47,6% | 66,2% | 51 | 60,7% |
| Maki | 15,1% | 17,7% | 17,1% | 16,2% | 10,5% | 17,5% | 12,7% | 9,5% | 10 | 11,9% |
| Umsjáraðili utan fjölskyldu | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Ókunnugur | 29,9% | 40,6% | 36,1% | 23,4% | 15,0% | 21,6% | 27,0% | 23,0% | 17 | 20,2% |
| Giftur inn í fjölskylduna | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,6% | 1,5% | 4,1% | 4,8% | 1,4% | 2 | 2,4% |
| Fjölskylduvinur | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,3% | 0,8% | 1,0% | 4,8% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Vinnuveitandi | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0 | 0,0% |
| Samstarfsmaður | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1 | 1,2% |
| Annað | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 3,9% | 0,0% | 6,2% | 3,2% | 0,0% | 2 | 2,4% |
| Fjöldi | 278 | 192 | 158 | 154 | 133 | 97 | 63 | 74 | 84 | |


Í töflu 19b eru tengsl ofbeldismanna við þolendur borin saman eftir tegund ofbeldis og árum. Taflan um nauðganir sýnir að nauðganir eiginmanna/sambýlismanna eru ekki óalgengar, en 11.9% þolenda hafa búið við slíkt ofbeldi. Fjöldi þeirra kvenna sem leituðu til Stígamóta árið 2000 vegna nauðgana, var 17.4% fleiri en árið áður, en 74 konur leituðu hjálpar vegna 84 nauðgana.

Kærð mál

Tafla 20) Kært til barnaverndarnefndar og hver kærði?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 13 | 7,3% |
| Nei | 160 | 90,4% |
| Ekki vitað | 4 | 2,3% |
| | 177 | 100% |

| | Fjöldi | Hlutf. |
|-----------|-----------|-------------|
| Foreldrar | 5 | 38,5% |
| Móðir | 7 | 53,8% |
| Annar | 1 | 7,7% |
| | 13 | 100% |




Heildarfjöldi einstaklinga er í þessu tilfelli 177, en það er sá fjöldi sem beittur var ofbeldi undir 18 ára aldri.

Tafla 21) Kært til lögreglu og hver kærði?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 22 | 9,3% |
| Nei | 203 | 85,7% |
| Ekki vitað | 12 | 5,1% |
| | 237 | 100% |

| | Fjöldi | Hlutf. |
|-----------|-----------|-------------|
| þolandi | 11 | 50,0% |
| Foreldrar | 4 | 18,2% |
| Móðir | 6 | 27,3% |
| Aðrir | 1 | 4,5% |
| | 22 | 100% |



Töflur 20 og 21 sýna hve mörg þeirra kynferðisofbeldismála sem leitað var með til Stígamóta 2000 voru kærð til barnaverndarnefnda og/eða lögreglu. Í ljós kemur að 7.3% málanna voru kærð til barnaverndarnefnda og 10% til lögreglu. Af þeim 13 málum sem kærð voru til barnaverndarnefnda voru 12 líka kærð til lögreglu. Færri mál voru kærð til barnaverndarnefnda en áður og hefur tilkoma Barnahúss eflaust breytt heildarmyndinni. Af þeim málum sem til Stígamóta berast, komast aðeins 9.7% til opinberra aðila og er það umhugsunarefni. Ástæðurnar eru margar, m.a. þær að mál eru oft fyrnd þegar þau berast hingað, en einnig þær að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og réttarkerfið.

Af töflum 22-24 hér á eftir má ráða hvernig málum sem voru kærð til lögreglu reiðir af í dómkerfinu. Ekki skal því haldið fram að þessar tölur gefi hárrétta mynd af því hvernig málum reiðir af í réttarkerfinu en þær eru þó væntanlega vísbending um það.

Tafla 22) Var ofbeldismaður ákærður?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|-------------------|-----------|-------------|
| Já | 4 | 18,2% |
| Málið er vinnslu | 14 | 63,6% |
| Málið fellt niður | 4 | 18,2% |
| | 22 | 100% |

Af þeim 22 málum sem kærð voru til lögreglu, var ákært í 4, en 14 mál voru enn í vinnslu.


Tafla 23) Hvernig var dæmt í málinu í héraði ?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|----------------------------------|----------|-------------|
| Dæmdur í fangelsi | 3 | 75,0% |
| Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi | 1 | 25,0% |
| | 4 | 100% |

Tafla 24) Hvernig var dæmt í málinu í hæstarétti?

| | Fjöldi | Hlutf. |
|----------------------------|----------|-------------|
| Ekki vísað til hæstaréttar | 3 | 75,0% |
| Dómur þyngdur | 1 | 25,0% |
| | 4 | 100% |


Tafla 25) Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bárust árið 2000



Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Tafla 26) Fjöldi ofbeldismanna og kyn þeirra

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------|------------|-------------|
| Karl | 235 | 99,2% |
| Kona | 2 | 0,8% |
| | 237 | 100% |



Mikið hefur verið um það rætt hvort kynferðisofbeldi sé alfarið kynbundið ofbeldi, það er hvort það séu fyrst og fremst karlar, sem beiti konur, börn og aðra karla ofbeldi. Í töflunni og súluritinu hér að ofan kemur í ljós að árið 2000 voru 97.6% ofbeldismanna karlar. Konur sem beitt hafa kynferðisofbeldi hafa verið samkv. tölum Stígamóta 0.5-2.3%. Kynferðisofbeldi eins og það birtist okkur á Stígamótum er því fyrst og fremst karlaofbeldi.

Tölulegar upplýsingar um félagslega stöðu ofbeldismanna

Tafla 27) Aldur þeirra sem ofbeldið frömdu, þegar það var framið

| | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | Fjöldi |
|-----------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|--------|
| 1-10 ára | 2,9% | 0,4% | 0,6% | 0,5% | 0,3% | 0,3% | 0,9% | 0,4% | 0,0% | 0 |
| 11-15 ára | 7,9% | 14,3% | 15,3% | 16,0% | 17,2% | 12,6% | 14,4% | 8,1% | 6,8% | 16 |
| 16-18 ára | 14,6% | 11,0% | 12,3% | 9,3% | 13,9% | 8,2% | 11,6% | 10,9% | 8,0% | 19 |
| 19-29 ára | 20,9% | 20,7% | 18,8% | 24,3% | 19,9% | 19,1% | 16,7% | 25,4% | 33,8% | 80 |
| 30-39 ára | 21,9% | 23,4% | 20,5% | 23,1% | 23,0% | 19,5% | 23,1% | 16,5% | 26,6% | 63 |
| 40-49 ára | 11,6% | 11,4% | 10,5% | 8,4% | 8,2% | 12,3% | 12,0% | 14,1% | 11,8% | 28 |
| 50-59 ára | 5,0% | 5,6% | 5,7% | 5,2% | 6,3% | 5,1% | 5,6% | 5,6% | 6,8% | 16 |
| 60 ára og eldri | 3,2% | 5,0% | 8,4% | 7,1% | 6,6% | 5,8% | 1,9% | 3,2% | 5,1% | 12 |
| Óvíst | 12,1% | 8,3% | 7,9% | 6,1% | 4,6% | 17,1% | 13,9% | 15,7% | 1,3% | 3 |
| Fjöldi | 786 | 483 | 525 | 407 | 366 | 283 | 216 | 248 | 237 | |


Tafla 27 sýnir að það er næsta algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa "læknisleiki" barna. Þó endur ofbeldisins upplifa það sem ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á "besta" aldri.

Tafla 28) Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið

| | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | Fjöldi |
|----------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|--------|
| Er í skyldunámi | 4,2% | 14,7% | 4,4% | 10,6% | 12,6% | 4,4% | 5,1% | 9,3% | 7,2% | 17 |
| Er í framhaldsskóla | 1,1% | 6,6% | 4,0% | 7,4% | 8,5% | 4,1% | 8,8% | 10,9% | 12,7% | 30 |
| Er í háskóla | 0,8% | 0,8% | 0,4% | 1,2% | 1,6% | 2,0% | 2,3% | 1,2% | 2,5% | 6 |
| Lokið skyldunámi | 22,8% | 54,5% | 55,4% | 56,8% | 54,9% | 57,0% | 57,4% | 38,7% | 33,3% | 79 |
| Lokið framhaldsskóla | 3,8% | 8,7% | 11,3% | 8,1% | 5,5% | 8,5% | 10,2% | 13,3% | 17,3% | 41 |
| Lokið háskóla | 2,9% | 4,3% | 3,1% | 3,9% | 4,6% | 4,8% | 7,4% | 2,8% | 4,2% | 10 |
| Lokið öðru sérnámi | 7,1% | 6,8% | 5,9% | 6,4% | 5,7% | 6,5% | 2,3% | 4,0% | 3,0% | 7 |
| Lauk ekki skyldunámi | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,4% | 1 |
| Óvíst | 57,3% | 350,0% | 15,5% | 5,7% | 6,6% | 12,6% | 6,5% | 19,8% | 19,4% | 46 |
| Fjöldi | 786 | 483 | 522 | 407 | 366 | 293 | 216 | 248 | 237 | |

Tafla 28 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntunarlegur bakgrunnur þeirra er mismunandi þegar þeir beita þolendur kynferðisofbeldi, þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

Tafla 29) Atvinna ofbeldismanna



Tafla 29 sýnir atvinnu ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið. Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum hér að ofan er óhætt að fullyrða að ofbeldismennirnir séu á öllum aldri, hafi mismunandi menntunarlegan bakgrunn og að þeir komi úr öllum starfsstéttum þjóðfélagsins.

Tafla 30) Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir frömdu ofbeldið

| | Fjöldi | Hlutf. |
|--------------|------------|-------------|
| Einhleypur | 63 | 26,6% |
| Í sambúð | 25 | 10,5% |
| Giftur | 93 | 39,2% |
| Innan 18 ára | 35 | 14,8% |
| Óvíst | 21 | 8,9% |
| | 237 | 100% |

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið er framið. Tæplega helmingur þeirra sem vitað er um, hafa verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir frömdu ofbeldið.

Tafla 31) Börn ofbeldismanna í dag

| | Fjöldi | Hlutf. |
|------------|------------|-------------|
| Já | 117 | 49,4% |
| Nei | 67 | 28,3% |
| Ekki vitað | 53 | 22,4% |
| | 237 | 100% |

Af töflu 31 má sjá að 117 þeirra kynferðisbrotamanna sem komið hafa til kasta Stígamóta eiga börn og 19 af þeim hafa beitt eigin börn sífjaspellum svo vitað sé.

